

Hrunamannahreppur
b.t. Rúnars Guðmundssonar skipulagsfulltrúa
netf. runar@utu.is

Efni: Umsögn um auglýstar deiliskipulagstillögur og -breytingu á Hrunamannaafrétti

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) hafa kynnt sér deiliskipulagstillögur innan Hrunamannaafréttar. Svæðin eru tíu talsins. Um er að ræða fyrsta deiliskipulag fyrir níu svæði, það er við Fosslæk, Miklöldubotna, Frægðarver, Rofshóla, Heiðará, Helgaskála, Efri-Kisubotna, Grákoll og Svínárnes. Þá er um að ræða deiliskipulagsbreytingu í Kerlingarfjöllum. Auglýsingarnar hafa verið til kynningar á vef Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, www.utu.is, frá 18. desember 2019 með athugasemdafrest til 8. janúar 2020 en samtökunum var veittur frestur til dagsins í dag.

Vegna hlutverks Skipulagsstofnunar við yfirferð tillagnanna skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður henni sent erindi með afriti þessarar umsagnar þar sem henni verða kynntir þeir form- eða efnisgallar sem NSS telja vera á skipulagstillögunum. Þá kann að verða óskað eftir því við Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 105/2006 að hún taki ákvörðun um það hvort áætlanirnar skuli falla undir gildissvið laganna, þegar þær eru skoðaðar í samhengi.

Í fyrsta kafla umsagnar samtakanna eru atriði sem eiga við skipulagstillögurnar allar. Athugasemdir sem sérstaklega eiga við ákveðnar deiliskipulagstillögur eru í kafla II.

I. Sameiginlegar athugasemdir við deiliskipulagstillögur

Svæðin eru öll á miðhálandi Íslands og innan þjóðlendna. Um er að ræða tillögur að vel ríflega fjórföldun leyfislegs byggingarmagns á miðhálandinu á umræddum svæðum, með þeirri auknu umferð sem því fylgir, og gera samtökin alvarlegar efnislegar athugasemdir við áformin, auk athugasemda við form tillagnanna.

1. Afstaða auglýstra deiliskipulagstillagna er ekki sýnd á uppdrætti

Samtals tíu deiliskipulagstillögur eru auglýstar. Engin þeirra sýnir þó staðsetningu deiliskipulagssvæðis í samhengi við næsta nágrenni eða stöðu þeirra innan aðalskipulags með neinum viðhlítandi hætti, né heldur sýna tillögurnar afstöðu þeirra hverrar til annarrar. Þetta er í ósamræmi við einn megintilgang skipulagslaga skv. 1. gr. þeirra; að tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, og er einnig í ósamræmi við skyldu skv. lokamálslið 1. mgr. 5.5.3 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 til að láta samhengi deiliskipulagstillögu við næsta nágrenni koma skýrt fram, þar á meðal með sérstökum yfirlitsuppdrætti ef með þarf. Svokallaður „Skýringaruppdráttur“ í deiliskipulagstillögunum í mælikvarða 1:6000 (þar sem fá eða engin örnefni eru merkt og ekkert samhengi tillögunnar skýrist) uppfyllir fráleitt umrædd skilyrði í þessu tilviki, enda er um að ræða tillögu að deiliskipulagi í óbyggðum þar sem skýringa er þörf á mun víðtækara

samhengi en sýnt er í tillögnum. Þessi óskýrleiki veldur því að ógerningur er fyrir almenning að gera sér grein fyrir þýðingu eða samhengi tillagnanna, hvað þá heildarsamhengi þeirra.

Dragi Hrunamannahreppur ekki tillögurnar til baka, leggja NSS til að þær fari í nýtt kynningarferli skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga þar sem bætt verði úr þessum ágalla.

2. Víðerni og landslag

Umferð myndi aukast, húsagerð yrði frjáls og víðerni myndu skerðast án þess að kortlagning hafi farið fram og mat hafi verið lagt á það.

Í kafla 5, Umhverfisáhrif, kemur fram að áhrif deiliskipulaganna á ásýnd og landslag eru metin neikvæð. Einnig segir þar að „Hægt er að draga úr áhrifum á landslag og ásýnd með því að útlit mannvirkja sé samræmt og litaval sé þannig að þau falli vel að landinu umhverfis“. Undir það má taka, en NSS benda á að ekkert er fært fram í skipulagstillögnum sem byggir undir ályktunina – og nauðsynlegt er að undirbyggja ákvarðanir sem þessar mun betur. Þá færi betur færi á því að gera umrædda mótvægisáðgerð að skilyrði og fjalla um hana í kafla 4, Almennir byggingarskilmálar, þegar raunverulegar athuganir hafa farið fram á grunnástandi óbyggðra víðerna, sem og því með hvaða hætti þau myndu skerðast.

NSS telja einkar varhugavert að stefna að framkvæmdum sem fá slíkan dóm sem getið er í tillögnum. Hér skal það sagt, að ábyrgð Íslendinga gagnvart ásýnd og landslagi, og um leið vernd víðerna, er mikil, þ.e. hérlandis er stór hluti villtasta prósentis víðerna sem eftir eru í Evrópu. Slíka kröfu eiga komandi kynslóðir á okkur sem nú lifum að við stöndum vörð um þessi verðmæti.

NSS telja það ekki samrýmast markmiðum laga um vernd óbyggðra víðerna að húsagerð, hönnun og frágangur gistimannvirkja á miðhálandi Íslands, Þjóðlendu og óbyggðum víðernum, sé frjáls og að hvergi séu veittar upplýsingar um það hver skerðing yrði á hinum óbyggðu víðernum af tillögnum. Ljóst er að margir leitarmannakofanna sem nú standa eru bæði lágreistari en 5,5 metrnir sem lagt er til að heimilt verði að reisa og eru svo lágstemmdir í umhverfi sínu að þeir skerða ekki óbyggð víðerni í skilningi 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Í lögnum, sem tóku gildi í nóvember 2015, er ákvæði um verndarmarkmið þar sem segir að stefnt skuli að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins og í gildandi Landsskipulagsstefnu er þetta áréttað að því er varðar miðhálandi Íslands. Lögin hafa að geyma nýja skilgreiningu slíkra víðerna. Þrátt fyrir það er engu kortlagningu á óbyggðum víðernum á svæðunum tíu að finna í tillögnum sem kynntar hafa verið af hálfu Hrunamannahrepps. Þá er engar upplýsingar þar að finna um hve mikið tillögurnar myndu skerða óbyggð víðerni. Því uppfylla tillögurnar ekki lagaákvæði um upplýsingar sem þurfa að liggja til grundvallar skipulagsákvörðunum af því tagi sem hér um ræðir; á svæðum innan miðhálandis Íslands sem væntanlega hafa að geyma óbyggð víðerni í dag skv. skilgreiningu laga.

Í lögbundinni [umsögn](#) sinni frá 9. ágúst 2019 um skipulagslýsingu sagði Náttúrufræðistofnun Íslands: „Stofnunin telur þó að setja eigi óbyggð víðerni sem sér umhverfisþátt en ekki er fjallað um víðerni í töflu 4 bls. 15. Þó ekki sé líklegt að miklar breytingar verði á víðernum vegna deiliskipulagsins sem slíks þá er rétt að fjalla sér[s]taklega um þann þátt þar sem áhrif á víðerni geta hæglega verið óbein t.d. eftir því hvaða starfsemi er í viðkomandi skálum/hálendismiðstöðum. Aukin uppbygging og aukin umferð hefur t.d. áhrif á þann þátt í skilgreiningu á óbyggðum víðernum í lögum um náttúruvernd sem snýr að því að hægt sé að njóta náttúrunnar í víðernum án truflunar. Það þarf því að fara varlega ef hálandið á ekki að tapa sérstöðu sinni.“

NSS sjá að Hrunamannahreppur hefur ekki orðið við þessum tilmælum Náttúrufræðistofnunar, en hvorki hefur verið gert grein fyrir tilmælunum né fjallað um það hvers vegna ekki var farið eftir þeim. Þrátt fyrir að matsspurninguna „Hefur skipulagið áhrif á víðerni?“ sé að finna í töflu 4 í tillögnum er ekki lagt neitt mat á áhrif á víðerni með setningunni í 5.2: „Uppbygging eða umferð í kjölfar hennar er ekki metin það umfangsmikil að hún

skerði víðerni“, þar sem ekki er gerð nein grein fyrir því hvernig þetta mat fór fram, engin kort sýna núverandi óbyggð víðerni á svæðunum og hvernig þau yrðu ef stefna tillagnanna myndi ná fram að ganga. Ekkert mat hefur því farið fram, í skilningi skipulagslaga nr. 123/2010 eða laga um umhverfismat áætlananna nr. 105/2026 á því hvaða áhrif áformin hefðu til skerðingar óbyggðra víðerna skv. náttúruverndarlögum, eins og tilmæli Náttúrufræðistofnunar lutu að.

Tillögurnar uppfylla því ekki lagaskilyrði um upplýsingar sem fram þurfa að koma í þeim. NSS telja þann annmarka sem er á tillögunum, að ekki liggur fyrir nein kortlagning eða mat á víðernaskerðingu er fylgja muni áformunum, vera verulegan og leggur til að ef ekki verði horfið frá því að auka við byggingarmagn og þar með umferð, verði tillögurnar lagðar fram að nýju skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga þar sem bætt hefur verið úr annmarkanum.

3. Deiliskipulagstillögur rúmast ekki innan gildandi aðalskipulags

Tillögurnar gera í mörgum tilvikum ráð fyrir deiliskipulagi í ósamræmi við gildandi aðalskipulag Hrunamannahrepps, eins og nánar verður vikið að varðandi hverja tillögu í kafla II í þessari umsögn. Í þeim tilvikum þarf skv. 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi í síðasta lagi um leið og deiliskipulagið. Engin slík áform eru orðuð í auglýsingu sveitarfélagsins.

Uppfylla tillögurnar ekki ákvæði laga nr. 123/2010 um samræmi deiliskipulags við aðalskipulag. Því er ekki því lagaheimild fyrir þeim og geta þær þ.a.l. ekki tekið gildi.

4. Krafa um heildstætt mat

Samantekið taka deiliskipulagstillögurnar tíu til þess að heimilt byggingarmagn yrði 2.355 m². Þær byggingar sem nú standa á deiliskipulagssvæðunum eru rúmlega 500 m² að flatarmáli, sé rétt lesið úr tillögunum, en ekki er þar getið um flatarmál tveggja torfkofa. Myndi því heimiluð aukning flatarmáls bygginga vera heil 1.822 m² eða vel riflega **fjórfoldun byggingarmagns** í flatarmáli talið.

Samanlögð stærð lóðanna tíu yrðu samkvæmt tillögunum um 516 ha eða 5,16 km², en aðalskipulag heimilar ekki svo mikið svæði.

Gistirýmum myndi fjölga og verða samtals 275 inni á sjálfu miðhálandi Íslands á þessu svæði (utan Kerlingarfjalla þó) á þeim sex svæðum sem heimilt yrði að byggja eða stækka gistirými á. Fjöldi gistirýma myndi fara úr samtals 103, sem þau eru nú. Í dag dreifist sá fjöldi á fimm svæðanna, sem hver hefur á bilinu 10 til 24 gistirými. Myndi fjöldi gistirýma samtals **nær þrefaldast** gengju áætlanirnar eftir og yrðu á bilinu 30 til 85 á hverju þeirra sex svæða þar sem gisting yrðri heimiluð.

Nýjar byggingar/endurbyggingar yrðu leyfðar með 5,5 metra mænishæð þar sem nú eru lágreistar byggingar. Þá er gert ráð fyrir allt að sjö metra háu húsi og veitingasölu í Svínárnesi, þar sem umfangsmest gistirýmið yrði heimilað með allt öðru þjónustustigi en tíðkast á miðhálandi Íslands, en í Svínárnesi er nú engin raunveruleg starfsemi; aðeins lágstemmdar byggingar leitarmannahúss.

Til allra þessara staðreynda verður að taka tillit, þegar skoðað er hver heildaráhrif framkvæmdanna yrðu gengju áætlanirnar eftir, enda eru þær allar á svæði sem tilheyrir miðhálandi Íslands, óbyggðum víðernum skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og Landsskipulagsstefnu, sem og þjóðlendum skv. lögum nr. 58/1998.

Hinn 12. júní 2019 veitti Náttúrufræðistofnun Íslands lögbundna [umsögn](#) sína um skipulagslýsingar Bláskógabyggðar fyrir sex fjallaskála á hálandinu. Í umsögninni fagnaði stofnunin því almennt að gert væri deiliskipulag fyrir skála og ferðabjónustusvæði þar sem ekkert slíkt væri, en sagði að það „[...] væri eðlilegt, þar sem um marga skála er að ræða innan miðhálandisins, að gerð sé grein fyrir **heildarstefnu um skála á hálandinu**

eða hálandismiðstöðvar. Vissulega er vísað í almenn atriði í t.d. Landsskipulagi og aðalskipulagi Bláskógabyggðar en ekki tekið á því hver sé heildarstefnan og afstaða til einstakra skála til framtíðar að öðru le[y]ti en því sem hér er lagt til. Á t.d. að fjölga skálum í framtíðinni, á að setja hámark um stærð skála eða á bara að bæta í ef umferð eykst um hálandið eða einhverjum dettur í hug að nýta ný svæði? Eða er gert ráð fyrir á einhverjum tímapunkti þurfi jafnvel að takmarka umferð um tiltekin svæði. Hefur einhver umræða farið fram um t.d. tengsl við miðhálandisþjóðgarð og stýringu á umferð um miðhálandið almennt.“ (feitletrun NSS).

NSS telja þessi sjónarmið ekki síður eiga við um tillögur Hrunamannahrepps og furðar sig á því að lagt sé upp í vegferð með niðurbútaðar deiliskipulagstillögur, sem eiga sér ekki raunverulega stoð í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

4.1 NSS telja að deiliskipulagstillögurnar tíu varði leyfisveitingar sem séu umhverfismatsskyldar, þegar litið sé á áformin í samhengi, og því falli áætlanirnar í heild undir ákvæði laga nr. 105/2006.

Í deiliskipulagstillögunum, 5. kafla, *Umhverfisáhrif*, er þessi fullyrðing: „Deiliskipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.“

NSS telja þvert á móti að áformin skuli umhverfismeta og að þau falli undir gildissvið laga nr. 105/2006. Vísa samtökin til 10. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana um hvaða viðmið skuli vera um hvort áhrif áætlunar telist veruleg (sjá næsta undirkafla hér á eftir) og reglu sem fram kemur i. og ii. liðum 1. töluliðar í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda um að meta þurfi áhrif allrar framkvæmdarinnar, umfang hennar og samlegð með öðrum framkvæmdum, en ekki einungis sem hluta af stærri framkvæmdum (e. project splitting). Engin ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir um að þessi áform í heild skuli ekki umhverfismeta.

Samtökin benda á að markmið laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er m.a. skv. a- lið 1. mgr. 1. gr. , „að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna **staðsetningar**, starfsemi sem henni fylgir, **eðlis eða umfangs** að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar“ (feitletrun NSS). Um er að ræða áform, sem eru innan þjóðlenda og auk þess innan væntanlegs Hálandisþjóðgarðs og leiðir það þegar af þeirri ástæðu til þess að líkur eru með því að framkvæmdir þar skuli umhverfismeta.

Í i-lið 1. töluliðar 2. viðauka sömu laga segir að við mat á því hvort framkvæmd teljist umhverfismatsskyld skuli líta til eðlis framkvæmdar: „Athuga þarf eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til: i. stærðar, hönnunar og umfangs framkvæmdarinnar í **heild**“ (feitletrun NSS). NSS telja, með hliðsjón af eðli og heildarumfangi, að verði við mat á eðli framkvæmdar þannig að líta til allra fyrirætlananna í heild.

Skilgreining framkvæmdar sem fram kemur í 3. gr. laganna styður ekki frekar en markmiðsákvæðið eða önnur gögn, þar með talið túlkun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og Evróputilskipanir sem íslensk lög eru innleiðing á, þá niðurstöðu að heimilt sé að búta áætlun um framkvæmdir niður með þeim hætti sem gert er í lýsingum fyrir deiliskipulagstillögurnar. Hér er vísað til úrskurðar ÚUA í máli nr. 60/2015 (Kerlingarfjöll) þar sem áfangaskipting umhverfismats var úrskurðuð ógild og máli nr. 83/2015 (Kjalvegur) þar sem forsendur úrskurðarnefndarinnar voru að heildarmat á framkvæmd hefði átt að fara fram. Sama niðurstaða verður dregin af ákvæðum Viðauka IV, b-liðar 1. mgr. tilskipunar 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/52/ESB sem bindandi eru fyrir íslensk stjórnvöld, en þar segir að upplýsingar um sem koma skulu fram í umhverfismati framkvæmdar séu: „ b) lýsing á efnislegum eiginleikum **allrar framkvæmdarinnar**, [...]“ (leturbreyting NSS)

4.2 NSS telja að deiliskipulagstillögurnar standist ekki ákvæði laga um umhverfismat áætlana

NSS telja að ekki sé farið að fyrirmælum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana í deiliskipulagstillögum.

Þegar metið er hvort líklegt er að umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana verði veruleg skal skv. 6. og 7. tl b-liðar 10. gr. laga nr. 105/2006 líta til gildis svæðis vegna sérstaks náttúrufars og menningarminja og áhrifa á svæði eða landslag sem viðurkennt er að hafi verndargildi á landsvísu eða alþjóðavettvangi, auk samlegðar og sammögnunaráhrifa skv. 1. tl. Allar tíu tillögurnar varða svæði sem viðurkennt er að hafi verndargildi á landsvísu og á alþjóðvísu og sammögnunaráhrif verða mikil af svo mörgum svæðum. Tillaga að friðlýsingu Kerlingarfjalla er í vinnslu og í kynningu er tillaga umhverfis- og auðlindaráðherra að frumvarpi um Hálendisþjóðgarð, sem öll tíu deiliskipulagssvæðin myndu falla innan. Ljóst hlýtur því að vera að svæðin eru talin hafa mikið verndargildi. Í 3. og 46. gr. náttúruverndarlaga eru markmið um vernd óbyggðra víðerna og friðlýsingu þeirra, en a.m.k. níu svæðanna falla væntanlega undir skilgreiningu óbyggðra víðerna skv. 5. gr. laganna þar sem í mörgum tilvikum er um lágstemmdar byggingar og litla umferð að ræða, þó Hrunamannahreppur hafi ekki lagt fram neina kortlagningu óbyggðra víðerna í tillögum sínum eins og áður sagði, og er það galli. Eins og fyrr er bent á, hefur að mati NSS fráleitt verið litið til þess að um er að ræða áætlanir um miklar framkvæmdir og mörg svæði á sjálfu miðhálandi Íslands, sem til stendur að gerar að þjóðgarði.

Ekki er í tillögum að finna upplýsingar í hverri deiliskipulagstillögu um tengsl hennar við aðrar deiliskipulagstillögur, eins og leiða má af áskilnaði a-liðar 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006.

NSS benda á að tillögum er ábótavant að því leyti að grunnástandi og líklegri þróun þess og valkostum við skipulagsáformin er þar hvorki lýst né umhverfisáhrif þess metin og þau borin saman við áformin, svo sem skylt er skv. b-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006. Þetta á til að mynda bæði við um álag af ferðamennsku og skerðingu óbyggðra víðerna.

Ekki er fjallað um verndarmarkmið skv. 2. og 3. gr. náttúruverndarlaga, líkt og um vernd óbyggðra víðerna og bakkagróðurs, sbr. 46. og 62. gr, svo sem skylt er skv. e-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 og hvernig tekið er tillit til þeirra.

Ákvæði f- og h-liða 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 eru ekki uppfyllt, þar sem ekki er útlistað hvernig áhrif raunhæfra valkosta yrðu, að teknu tilliti til markmiðs skipulagsins og ekki er gerð grein fyrir ástæðum þess að sá kostur er valinn sem ert er í hverju tilviki eða því lýst hvernig matið fór fram.

Ekkert af þessu var heldur gert í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 eða umhverfismati þess, að því er varðar þau svæði sem deiliskipulagstillögurnar tíu taka til.

Loks verður ekki séð að fyrir liggja umsögn náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins eða afstaða til hennar og gera NSS athugasemd við það. Hlutverk náttúruverndarnefnda er skýrt í 14. gr. náttúruverndarlaga og benti Náttúrufræðistofnun Hrunamannahreppi sérstaklega á það í umsögn sinni um skipulagslýsingar 9. ágúst 2019.

4.3. Tillögurnar uppfylla ekki ákvæði skipulagsreglugerðar

NSS telja að tillögurnar uppfylli heldur ekki skilyrði 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um umhverfismat, en skv. ákvæðinu skal, óháð því hvort skipulag fellur undir gildissvið laga nr. 105/2006, meta; „meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásynd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til“, og er vísað um það til undirkafla 4.2 hér að framan.

Í tillögum skortir einnig á að gerð sé skv. 5.4. gr. skipulagsreglugerðar „grein fyrir matinu og niðurstöðu þess í greinargerð deiliskipulagsins. Jafnframt skal því lýst hvernig skipulagið samræmist markmiðum skipulagsreglugerðar, sbr. 1.1. gr. og markmiðum deiliskipulags, sbr. 5.1.1. gr.“ og er aftur vísað til umfjöllunar í undirkafla 4.2 hér að framan. Er meðal annars fráleitt gerð grein fyrir matinu, eins og rakið er í undirkafla 4.2 og

ljóst er einnig að deiliskipulagstillögurnar taka alls ekki nægt tillit til þess markmiðs að við hönnun mannvirkja sé tekið mið af lýðheilsu, fagurfræði, hagkvæmni, vistkerfi og þeim arfi sem felst í náttúru, landslagi, sögu og menningu svæðis.

5. Auglýsingar og kynning ekki í samræmi við lög

Í skipulagsreglugerð og 40. gr. skipulagslaga er mælt fyrir um hvernig skuli staðið að kynningu og auglýsingu deiliskipulagstillagna og aðdraganda þeirra.

Í þeim tilvikum sem hér um ræðir voru ekki uppfyllt ákvæði laganna eða 5.6.1. gr. reglugerðarinnar, þar sem hvorki fór fram almenn kynning áformanna á fundi með íbúum né lágu áformin frammi almenningi til skoðunar á þann hátt sem fullnægjandi getur talist skv. ákvæðinu. Ekki voru uppfyllt lagaákvæði 3. mgr. 40. gr. um auglýsingu og kynningu fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með áberandi hætti. Virðist enda enginn íbúi eða hagsmunaaðili hafa komið að athugasemdum á vinnslustigi.

Áformin voru kynnt í staðarmiðli á sumarleyfistíma, 24. júlí 2019, en ekki var þó upplýst hvar unnt væri að nálgast gögnin og þau voru ekki aðgengileg þegar leitað var eftir þeim. Leitaði fulltrúi NSS eftir upplýsingum um áformin í kjölfar auglýsingarinnar, en ekki var unnt að fá upplýsingar eða aðgang að skipulagslýsingunum eftir að þær höfðu verið þannig auglýstar en, skipulags- og byggingarfulltrúi var kominn í sumarleyfi og staðgengill hans var veikur. Fulltrúinn var í sumarleyfi til 13. ágúst 2019 en hins vegar lauk athugasemdafresti almennings daginn eftir, eða 14. ágúst 2019. Þegar gögnin voru loks gerð aðgengileg, eftir ítrekaðar fyrirspurnir fulltrúa NSS, var þannig nokkuð liðið á skamman frest almennings til að gera athugasemdir við áformin, og þar á auki var kynningartíminn á háannatíma ferðaþjónustufólks og bænda og á sumarleyfistíma flestra annarra; semsagt á alversta tíma fyrir allan almenning. Þetta gengur gegn ákvæðum 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga og ákvæðum skipulagsreglugerðar.

Tillögurnar varða einnig augljóslega aðila utan sveitarfélagsins, þar sem hér er um þjóðlendur og miðhálandi Íslands að ræða, en ekki er kunnugt um að nein kynning hafi verið með þeim hætti sem mælt er fyrir um í slíkum tilvikum skv. 5.6.1. gr skipulagsreglugerðar. Þá voru engar aðalskipulagsbreytingar kynntar, eins og áður er vikið að.

Þær tillögur sem nú eru auglýstar skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga voru svo auglýstar næst þegar allur almenningur var í leyfi og uppfyllir heldur ekki skilyrði um að tillögurnar, forsendur þeirra og umhverfismat hafi verið kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt og að sú kynningin sé auglýst með áberandi hætti eins og löginn mæla fyrir um, þar á meðal á áberandi hátt gagnvart almenningi utan sveitarfélagsins. Þannig birtist auglýsingin 18. desember 2019, einungis þremur virkum dögum fyrir jól, engin kynning fór fram á fundi og íbúum og hagsmunaaðilum gafst afar skammur tími, yfir hátíðirnar, til að kynna sér áformin á vefsíðu – án kynningarfundar. Þessi kynning nær fráleitt máli. Ríkar kröfur verður að gera til sveitarfélags sem kys að leggja fram stórtækar deiliskipulagstillögur á þjóðlendu og miðhálandi Íslands, til að kynna áformin rækilega og á landsvísi.

NSS leggja til að ef deiliskipulagstillögurnar verða ekki dregnar til baka, verði áformin kynnt að nýju þar sem tekið hefur verið á öllum form- og efnisannmörkum á fyrri tillögum.

6. Ferðamennska á miðhálandi Íslands

NSS telja ánægjulegt er að sjá að metnaður skuli vera fyrir stuðningi við ferðaþjónustu á Hrunamannafrétti, þar sem fyrir eru fjallaskálar sem sumir hverjir hafa þegar verið gerðir upp af alúð.

Verðmæti miðhálandisins sem ferðamannasvæðis liggja skv. rannsóknnum ekki síst í víðernum og öræfaupplifun í fámenni¹. NSS benda á mikilvægi þess að skipulag á Hrunamannafrétti taki mið af þessu, enda er slíkt í

samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem taka ber mið af við skipulagsgerð. Áhugavert getur einmitt verið að þróa göngu- og reiðleiðir í þessum anda, sé vel að verki staðið.

Fjallaskálar á borð við þá sem fyrir eru á þeim stöðum, utan Kerlingarfjallasvæðisins, sem deiliskipulagstillögurnar fjalla um, hafa hafa almennt lágstemmt yfirbragð sem verðmætt er að halda í, þ.e. þeir teljast tæpast skerða óbyggð víðerni skv. núgildandi lagaskilgreiningu – þó að slík kortlagning hafi ekki farið fram. **NSS vara hins vegar við og gera alvarlega athugasemd við stórtæka uppbyggingu**, sem sumar hugmyndanna bera vott um, og eru fyrst og fremst Svínárnes, en einnig Fosslækur og Helgaskáli nefnd í því samhengi.

Í deiliskipulagslýsingunum kemur fram að ekki liggja fyrir tölur um fjölda gistinátta í núverandi fjallaskálum á afrétti Hrunamanna, en þrátt fyrir það ganga skipulagslýsingarnar út á áform um mikla fjölgun þeirra. NSS benda á mikilvægi þess að byggja skipulagsgerð og ákvarðanir á góðum grunngögnum og hvetja sveitarstjórn Hrunamannahrepps til að beita sér fyrir rannsóknum á núverandi ferðamennsku á afréttinum, sem og þolmörkum, áður en lengra verður haldið. Annars verður tilgangur skipulagsins eðlilega óljós.

Í deiliskipulagstillögum er vísað til þeirrar stefnu aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 að bæta þjónustustig á hálendisvæðum. NSS vekja sérstaka athygli á því að aukin þjónusta, t.a.m. sala veitinga, dregur að skv. rannsóknum að þjónustusinnaða fjölðaferðamenn, en bægir frá hinum náttúrusinnuðu. Þeir fyrrnefndu valda hins vegar meira álagi á umhverfið; eru síður meðvitaðir um virðingu fyrir náttúrunni og viðeigandi umgengni¹. Miklar rannsóknir þarf áður en ráðist yrði í skipulag líkt og deiliskipulagstillögurnar gera ráð fyrir.

NSS benda á að rík ábyrgð fylgir því að beina auknum fjölda ferðamanna inn á viðkvæm hálendisvæði. Stór áskorun er að halda svo um tauma, að hin miklu verðmæti sem í lítt snortinni náttúru og víðernum hálendisins felast bíði ekki hnekki sökum ágangs. Sýna þarf hinum viðkvæma, hægvaxta öræfagróðri tilhlítandi virðingu, en auk þess er bent á að rannsóknir sýna að verðmæti hálendisins felast, í huga ferðamanna, ekki síst í **fámenninu og sterkri upplifun öræfakýrrðar á hinum fágætum víðernum**¹.

Á þessu byggir Landsskipulagsstefna, sem gerir ráð fyrir að uppbygging þjónustu sé á **jaðri** hálendisins og styðji þannig við atvinnurekstur í byggð um leið og hálendinu er hlíft við of miklum innviðum sem rýra myndu gildi þess.

Á grundvelli framansagðs beina NSS því til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps að fara að öllu með gát og vanda til verka við stuðning við ferðamennsku á hálendisvæðum hreppsins, þar með talið með viðhlítandi rannsóknum um nauðsyn skipulags sem byggir undir slíkt og hversu viðeigandi það er.

7. Aðflutningur heys fyrir hesta

Varðandi aðflutt hey inn á hálendið fyrir hesta benda NSS á að áriðandi er að vanda vel val þess. Með heyinu mega ekki undir nokkrum kringumstæðum berast ágengar, framandi tegundir er valdið gætu líffræðilegri fjölbreytni skaða. Heyið þarf að vera úr innlendum grastegundum í samræmi við náttúrufar svæðisins þannig að leifar þess styðji við eðlilega gróðurframvindu, en raski henni ekki.

II. Athugasemdir við einstakar deiliskipulagstillögur. Varðandi hverja deiliskipulagstillögu um sig er eftirfarandi fært fram, allt með fyrirvara um það sem segir í kafla I í umsögn NSS.

Fosslækur

- Í texta auglýsingar, sem og við samanburð valkosta á bls. 14 í greinargerð segir: „Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² **eða** byggja nýtt hús.“ Á bls. 10 í greinargerðinni, í kafla 3, Deiliskipulag; undirkafla 3.1, Lóðir og byggingarskilmálar, segir hins vegar: „Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² **og** byggja nýtt hús allt að 100 m². Heildar byggingarmagn getur verið 280 m²“ (feitletrun er NSS). Ljóst virðist, þrátt fyrir misvísandi upplýsingar, að nærri lætur að áætlað sé að fjórfalda byggingarmagn. **Þá er þarna er um ósamræmi að ræða, er nemur 100 m². Gera NSS athugasemd við villandi texta og telur ástæðu til að skipulagslýsing sé kynnt að nýju.**
- Tillagan gerir ráð fyrir allt að 5,5 metra mænishæð, en ljóst er að það er mun hærra bygging en nú er á staðnum og hefði mögulega áhrif til skerðingar óbyggðra víðerna. Ljóst virðist af ljósmynd í skipulagstillögu að mannvirkin sem fyrir eru á staðnum skerða líklega ekki víðerni skv. skilgreiningu laga. **Hins vegar liggur engin kortlagning fyrir af því hvernig ný mannvirki myndu skerða víðerni. Skipulagstillagan stenst því ekki lög og ber að vísa henni frá.**
- **Áætlanir um að auka byggingarmagn nærri því fjórfalt miðað við það sem nú er og um að meira en tvöfalda fjölda gistirýma eru stórfelldar og þarf að umhverfismeta í samhengi við önnur áform sem fjallað er um í þessari umsögn.**
- **Rök skortir fyrir svo stórra lóð innan þjóðlendu, 13.855 m², og gera NSS athugasemd við það.**
- **Rök skortir fyrir því að efnistökuáman sem tilgreind er sé innan lóðar og deiliskipulagssvæðis og gera NSS athugasemd við það.**

Miklöldubotnar

- Tillagan rúmast ekki innan núverandi aðalskipulags, sem gerir einungis ráð fyrir „viðhaldi og endurbótum á skálanum ásamt snyrtiaðstöðu. Gistirúm allt að 30. Stærð svæðis allt að 1 ha“. Þegar ber að vísa tillögunni frá af þeirri ástæðu.
- Tillagan gerir ráð fyrir allt að 5,5 metra mænishæð, en ljóst er að það er mun hærra bygging en nú er á staðnum og hefði mögulega áhrif til skerðingar óbyggðra víðerna. Ljóst virðist af ljósmynd í skipulagstillögu að mannvirkin sem fyrir eru á staðnum skerða líklega ekki víðerni skv. skilgreiningu laga. **Hins vegar liggur engin kortlagning fyrir af því hvernig ný mannvirki myndu mögulega skerða víðerni. Skipulagstillagan stenst því ekki lög og ber að vísa henni frá.**
- Á svæðinu er um 50 m² leitarnakofi án salernis eða rennandi vatns, byggður 1957, sem sagður er rúma um 15 manns. Í texta auglýsingar, sem og við samanburð valkosta á bls. 14 í greinargerð segir: „Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² **eða** byggja nýtt hús.“ Á bls. 10 í greinargerðinni, í kafla 3, Deiliskipulag; undirkafla 3.1, Lóðir og byggingarskilmálar, segir hins vegar: „Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² **og** byggja nýtt hús allt að 100 m². Heildarbyggingarmagn getur verið 250 m²“ (feitletrun er NSS). Virðist í fljótu bragði eiga að stækka gamlan leitarnakofa úr 50 í 250 m². **Þarna er um ósamræmi að ræða, er nemur 100 m². NSS gera athugasemd við villandi texta og telur ástæðu til að skipulagslýsing sé kynnt að nýju.**
- **Rök skortir fyrir svo stórra lóð innan þjóðlendu, 48.202,6 m², sem og rök fyrir því að hestagerði og skáli þurfi að vera á sömu lóð. Við hvort tveggja gera NSS athugasemd.**
-
-

Náttúruverndaramtök Suðurlands

- Stærð skipulagssvæðis, 48.202,6 m², er nær fimmföld sú stærð sem heimild er fyrir skv. aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem svæðið er skilgreint allt að 1 ha að stærð. **Ekki er því lagaheimild fyrir tillögunni.**
- Ljóst virðist af ljósmynd í skipulagstillögu að mannvirkin sem fyrir eru á staðnum skerða líklega ekki víðerni skv. skilgreiningu laga. **Hins vegar liggur engin kortlagning fyrir af því hvernig ný mannvirki myndu mögulega skerða víðerni. Skipulagstillagan stenst því ekki lög.**

Frægðarver

- NSS telja jákvætt og styðja að áningarstaðurinn í Frægðarveri sé rammaður inn og hlúð að þeim menningarminjum sem þar er að finna.
- Stærð skipulagssvæðis, 15.960 m², fer þó fram úr þeirri stærð sem heimild er fyrir skv. aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem svæðið er skilgreint allt að 1 ha að stærð. **Ekki er því lagaheimild fyrir tillögunni.**

Rofshólar

- NSS telja jákvætt og styðja að áningarstaðurinn í Rofshólum sé rammaður inn og hlúð að þeim menningarminjum sem þar er að finna.

Heiðará

- Skv. texta í auglýsingu er um 10 ha lóð að ræða, en 6,2 ha skv. texta í greinargerð. **Þarna er um ósamræmi að ræða, er nemur verulegu . NSS gera athugasemd við villandi texta og telja ástæðu til að skipulagslýsing sé kynnt að nýju.**
- **Rök skortir fyrir svo stórrí lóð innan þjóðlendu.**
- Tillagan gerir ráð fyrir allt að 4 m mænishæð bygginga, sem kann að hafa áhrif til skerðingar óbyggðra víðerna. **Hins vegar liggur engin kortlagning fyrir af því hvernig ný mannvirki myndu skerða víðerni. Skipulagstillagan stenst því ekki lög og ber að vísa henni frá.**
- Stærð skipulagssvæðis, a.m.k. 6,2 ha, er rúmlega sexföld sú stærð sem heimild er fyrir skv. aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem svæðið er skilgreint allt að 1 ha að stærð. **Ekki er því lagaheimild fyrir tillögunni.**

Helgaskáli

- Í texta auglýsingar, sem og við samanburð valkosta á bls. 14 í greinargerð, segir: „Heimilt er að stækka núverandi gístiaðstöðu um allt að 100 m² eða byggja nýtt hús.“ Á bls. 10 í greinargerðinni, í kafla 3, Deiliskipulag; undirkafla 3.1, Lóðir og byggingarskilmálar, segir hins vegar: „Heimilt er að stækka núverandi gístiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Heildar byggingarmagn getur verið 280 m²“. Feitletrun er okkar. **Þarna er um ósamræmi að ræða, er nemur 100 m². NSS gera athugasemd við villandi texta og telja ástæðu til að skipulagslýsingin sé kynnt að nýju. Þá skortir rök fyrir svo stórrí lóð innan þjóðlendu, 14,9 ha, og gera NSS athugasemd við það.**
- Tillagan gerir ráð fyrir allt að 5,5 metra mænishæð, en ljóst er að það er mun hærri bygging en nú er á staðnum og hefði áhrif til skerðingar óbyggðra víðerna. Ljóst virðist af ljósmynd í skipulagstillögu að um

Náttúruverndaramtök Suðurlands

er að ræða mannvirki í dag sem líklega skerða ekki víðerni skv. skilgreiningu laga. **Hins vegar liggur engin kortlagning fyrir af því hvernig ný mannvirki myndu skerða víðerni. Skipulagstillagan stenst því ekki lög og ber að vísa henni frá.**

- Stærð skipulagssvæðis, 14,9 ha, er nær fimmtánföld sú stærð sem heimild er fyrir skv. aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem svæðið er skilgreint allt að 1 ha að stærð. **Ekki er því lagaheimild fyrir tillögunni.**

Efri-Kisubotnar

- NSS telja jákvætt og styðja að áningarstaður við gönguleiðleið frá Kerlingarfjöllum sé byggður upp. Hér skortir þó enn of aftur umhverfismat á áhrifum þessa, sbr. framansagt.
- Svæðið er á náttúruminjaskrá og áréttu NSS að það ber að meðhöndla sem slíkt.

Grákollur

- NSS telja jákvætt og styðja uppbyggingu gönguleiðanets tengdu Kerlingarfjöllum. Við Grákoll er þó um nýtt, óraskað svæði að ræða, sem samtökin benda á að þurfi að skoða vel og meta umhverfisáhrif mögulegs álags á svæðið. Eins er gert ráð fyrir nýrri byggingu fyrir gistingu með allt að 5,5 metra mænishæð, en hvrort tveggja getur mögulega haft áhrif til skerðingar óbyggðra víðerna. **Hins vegar liggur engin kortlagning fyrir um áhrif framkvæmdanna á víðerni. Skipulagstillagan stenst því ekki lög og ber að vísa henni frá.**
- Svæðið er á náttúruminjaskrá og áréttu NSS að það ber að meðhöndla sem slíkt.

Svínárnes

- **Rök skortir fyrir svo stórrí lóð innan þjóðlendu, 86.600 m², og gera NSS athugasemd við það.**
 - Stærð skipulagssvæðis, 86.600 m² eða 8,66 ha, er vel rúmlega fjórföld sú stærð sem heimild er fyrir skv. aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem svæðið er skilgreint allt að 2 ha að stærð. **Ekki er því lagaheimild fyrir tillögunni.**
 - Tillagan gerir ráð fyrir miklu byggingarmagni, eða byggingu allt að tíu nýrra húsa allt að 100 m² hvert og endurbyggingu núverandi húss, sem er 50 m². Nýbyggingar hefðu allt að 7 metra mænishæð, en ljóst er að um mun hærrí byggingar yrði að ræða fyrir gistingu en nú er á staðnum og allt þetta hefði áhrif til skerðingar óbyggðra víðerna. **Hins vegar liggur engin kortlagning fyrir af því hvernig ný mannvirki myndu skerða víðerni. Skipulagstillagan stenst því ekki lög og ber að vísa henni frá.**
- Í kafla um samanburð á bls. 14 segir að uppbyggingin og umsvif af starfseminni í Svínárnesi séu það mikil að líklegt sé að það raski víðernum. NSS vísa í það sem segir í kafla I í þessari umsögn um skort á upplýsingum og kortlagningu óbyggðra víðerna og vekja athygli á því að skv. Landsskipulagsstefnu 2015-2026 verði umfangsmeiri mannvirkjagerð beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins. Í 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 10. gr. 4. tölulið, segir: „Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim[...] Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktu landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.“ **Þetta hefur ekki verið gert í skipulagstillögunni og er hún því í ósamræmi við lög.**
- Ístreka NSS að alveg nauðsynlegt er að meta áhrif hinnar áformuðu uppbyggingar á óbyggð víðerni skv.

skilgreiningu nógildandi náttúruverndarlaga og benda um leið á að skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, 3. gr.; verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, e-lið, skal til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Fjöldi bygginga í Svínárnesi myndi aukast tífalt, byggingar yrðu mun hærra en þær lágreistu byggingar sem fyrir eru, gistirými myndi hátt í þrefaldast og uppbyggingin laða að þjónustusinnaða gestir í 100 m² einkabústað með salerni eins og tillagan geri ráð fyrir.

- Hópurinn sem veitingasala laðar að er gerólíkur þeim hóp sem nýtir svæðið í dag, svo sem fram hefur komið hér að framan. Slíkt veldur tilheyrandi álagi og röskun óbyggðra víðerna, og myndi ekki ólíklega einnig kalla á vegabætur frá því sem nú er. **NSS leggjast því eindregið gegn áformum um veitingasölu í Svínárnesi. Samtökin telja afar áriðandi að svo sé haldið um tauma við skipulag hálendisvæða að þau laði þann hóp ferðamenna sem sérstaklega sækir í náttúruupplifun að, og þannig sé stuðlað að viðhaldi öræfakryrðar.**

Veitingarekstur á hálendinu samræmist enda ekki gildandi landsskipulagsstefnu, er hins vegar gerir ráð fyrir því að uppbygging þjónustu sé á jaðri hálendisins og styðji þannig við atvinnurekstur í byggð um leið og hálendinu er hlíft við of miklum innviðum sem rýrt getur gildi þess.

Þessu til áréttingar er vísað til kaflans Ferðamennska á miðhálendinu á bls. 2 hér að framan.

- Í 5. kafla skipulagslýsingarinnar, *Umhverfisáhrif*, bls. 13, er eftirfarandi fullyrðing: „Deiliskipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.“

NSS benda á að í 3. grein þeirra segir: „Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.“

Í tilgreindum lögum nr. 106/2000, 6. gr., *Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum*, 1. mgr., segir: „Framkvæmdir sem tilgreindar eru í [flokki B og flokki C í 1. viðauka] ³⁾ við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.“

- Í 1. viðauka laganna, í lið 12.05, er tiltekið að „Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis“ falli undir lið B, s.s. að Skipulagsstofnun skuli taka afstöðu til matsskyldu.
- Í 2. viðauka laganna er listi yfir viðmiðanir við mat á framkvæmdum í B- og C-flokki 1. viðauka. Auk samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda, sem áður hefur verið komið inn á, segir í 2. tölulíð iv. að meðal þess sem áhrifin skulu metin út frá sé álagspól á náttúruna, einkum með tilliti til [...] (e) landslagsheilda, ósnortinna víðerna, hálendisvæða og jökla.

NSS mótmæla að því sögðu sérstaklega þeirri fullyrðingu sem sett er fram í deiliskipulagslýsingunni um Svínárnes að skipulagið falli ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, og áskilja sér sérstaklega rétt til að fara fram á að Skipulagsstofnun taki afstöðu til þess hvort svo sé.

- Í áðurnefndum kafla um samanburð er niðurstaða sú að framkvæmd á grunni deiliskipulagstillögu fyrir Svínárnes hafi neikvæð áhrif á góður og dýralíf, ásýnd og landslag sem og séu líkleg til að skerða víðerni. Þetta er þó ekki kortlagt eða metið á neinn raunverulegan hátt. Einungis áhrif á samfélag eru talin verða jákvæð, en þó án marktæra raka að samtakanna mati. **NSS leggjast af þessum sökum alfarið gegn umræddum áformum um uppbyggingu í Svínárnesi.**

Kerlingarfjöll / Ásgarður 1

- Í Kerlingarfjöllum er Hálandismiðstöð skv. Landsskipulagsstefnu. Svæðið er á náttúruminjaskrá og áréttu NSS að það ber að meðhöndla sem slíkt.
- NSS benda á að hámarks byggingarmagn skortir í tillögunni; einungis að verið sé að ramma núverandi hesthús inn.
- Samtökin gera að öðru leyti ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytingu fyrir Ásgarð 1 í Kerlingarfjöllum, en má þó minna á að vanda val heys sem flutt er inn á hálendið m.t.t. grasa.

10. janúar 2020

Náttúruverndarsamtök Suðurlands
kt. 640605-0730

netfang: natturuvernd@nss.is

Heimild sem vísað er til:

1. Anna Dóra Sæþórsdóttir: *Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur*;
<https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Ferdamennska-a-midhalendi-Islands-Stada-og-spa-um-framtidarhorfur.pdf>